

## Kaup Landsprents ehf. á prentvél o.fl. úr þrotabúi Torgs ehf.

- Þann 9. nóvember 2023 barst Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynning þar sem tilkynnt var um kaup Landsprents ehf. (hér eftir „Landsprent“) á prentvél o.fl. úr þrotabúi Torgs ehf. (hér eftir „þb. Torgs“). Að mati Samkeppniseftirlitsins fólu viðskiptin í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Tilkynningin var í samræmi við ákvæði 5. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur nr. 1390/2020 um tilkynningar og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka I við þær. Taldist samrunakráin fullnægjandi og byrjuðu frestir því að líða þann 10. nóvember 2023.
- Málsmeðferðinni lauk með bréfi, dags. 21. desember 2023, þar sem samrunaaðilum var tilkynnt um lok rannsóknarinnar og að Samkeppniseftirlitið myndi ekki hafast frekar að, en rökstudd ákvörðun yrði birt síðar líkt og gert er með úrlausn þessari. Birting hennar hefur tafist vegna anna.
- Samandregið var það niðurstaða málsins að skilyrði um fyrirtæki á fallanda fæti væru uppfyllt, en í því felst að sú breyting sem samruninn felur í sér væri hvort sem er óhjákvæmileg, þar sem viðkomandi starfsemi er allt að einu að hverfa af markaðnum vegna fjárhagserfiðleika.
- Hefði framangreind staða ekki verið uppi hefði að líkindum verið nauðsynlegt að grípa til íhlutunar vegna samrunans, enda ljóst að mati Samkeppniseftirlitsins að í kjölfar gjaldþrots Torgs og brotthvarfs prentvélar þrotabúsins hefur myndast einokunarstaða á markaði fyrir prentun á dagblöðum hérlendis þar sem Landsprent hefur 100% markaðsstyrk. Er sú staða til þess fallin að skapa alvarlegar samkeppnishindranir á markaðnum.

### 1.1. Um aðdraganda og málsmeðferð

- Með kaupsamningi dags. 18. júlí 2023, milli Landsprents og þb. Torgs voru undirrituð og skjalfest kaup Landsprent á prentvél, pappír, tækjum og öðru lausafé í eigu þrotabúsins sem staðsett var að Suðurhrauni 1 í Garðabæ, en Torg var tekið til gjaldþrotaskipta þann 4. apríl 2023. Prentsmiðja Torgs hafði áður m.a. séð um prentun Fréttablaðsins og fleiri miðla, með prentvél sinni í Suðurhrauni.
- Í lok ágúst 2023 barst Samkeppniseftirlitinu ábending um að þb. Torgs hefði selt prentvélinu, tengd tæki og rekstrarvörur til Landsprents. Var jafnframt vísað til þess að vinna væri þegar hafin við að taka niður prentvélinu úr húsnæði þb. Torgs. Vegna ábendingarinnar leitaði Samkeppniseftirlitið þegar eftir upplýsingum frá annars vegar skiptastjóra þb. Torgs og hins vegar framkvæmdastjóra Landsprents. Var í samtölunum staðfest að samningur hefði verið gerður um kaup og sölu eignanna, og áður nefnd vinna við að taka niður og flytja prentsmiðjuna þegar hafin.



7. Með bréfi, dags. 7. september 2023, upplýsti Samkeppniseftirlitið Landsprent um frummat sitt þess efnis að kaupin væru sennilega tilkynningaskyld viðskipti, bæði á grundvelli samrunareglna samkeppnislaga nr. 44/2005 og samrunareglna laga um fjölmiðla nr. 38/2011. Kaup og yfirtaka á hluta reksturs atvinnufyrirtækja gæti enda falið í sér samruna í skilningi samkeppnislaga jafnvel þótt um væri að ræða yfirteknar eignir seldar úr þrotabúum fyrirtækja, sér í lagi þegar um er að ræða mikilvægar eignir að teknu tilliti til eðli starfsemi fyrirtækis eins og framleiðslutækja, sem heimfæra má til veltu og tilteknar tekjur atvinnureksturs.
8. Auk þess upplýsti Samkeppniseftirlitið Landsprent um að það hefði til skoðunar að taka bráðabirgðaákvörðun um bann við framkvæmd viðskiptanna á grundvelli 3. mgr. 16. gr. samkeppnislaga. Eftir samskipti Samkeppniseftirlitsins við skiptastjóra og aðila máls reyndist hins vegar ekki ástæða eða þörf til töku bráðabirgðaákvörðunar.
9. Með bréfi, dags. 9. nóvember 2023, barst Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynning frá kaupanda Landsprenti og með tilkynningunni barst Samkeppniseftirlitinu einnig beiðni um undanþágu til að framkvæma samrunann. Samkeppniseftirlitið féllst hins vegar að svo stöddu ekki á þá beiðni samrunaaðila um heimild til þess að framkvæma samrunann áður en niðurstaða eftirlitsins lægi fyrir.
10. Undir rannsókn málsins gaf Samkeppniseftirlitið nokkrum umsagnaraðilum tækifæri til að tjá sig um samrunann og ferlið í heild. Bárust alls 9 umsagnir frá bæði prentsmiðjum og blaðaútgefendum. Samkeppniseftirlitið gaf einnig Fjölmiðlanefnd færi á að tjá sig um samrunann, sbr. samrunareglur fjölmiðlalaga. Loks fór Samkeppniseftirlitið einnig í vettvangsheimsókn og skoðaði umrædda prentvél sem staðsett var í húsnæðinu að Suðurhrauni í Garðabæ líkt og áður greindi. Leiddi hún í ljós að þegar var byrjað að rífa niður vegg og aðrar aðgerðir til þess að fjarlægja prentvélinu og aðstöðu prentsmiðjunnar. Að mati eins umsagnaraðila var vélinni í þannig ástandi að hún væri ekki lengur nothæf vegna þessa. Líkt og fyrr var getið þá hafði Samkeppniseftirlitinu þegar borist ábending þess efnis að vinna við að fjarlægja vélinu væri hafin.
11. Með bréfi, dags. 21. desember 2023, var samrunaaðilum tilkynnt um það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki væru forsendur til þess að grípa til ihlutunar vegna mögulegra skaðlegra áhrifa samrunans, sökum þess að sjónarmið um fyrirtæki á fallandi fæti eiga við í málinu líkt og nánar verður rökstutt síðar í ákvörðun þessari.

## 2. Markaðir málsins

12. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. c samkeppnislaga er nauðsynlegt að skilgreina þann markað sem samrunaaðilar starfa á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgönguþjónustu. Staðganga er þegar vara eða þjónusta getur að fullu eða verulegu leyti komið í stað annarrar vöru eða þjónustu. Með hliðsjón af hagfræðilegum rökum þarf að líta á viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarmiðum; annars vegar vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2020., *Læknisfræðileg myndgreining ehf. og Íslensk myndgreining ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.
13. Í samrunaskrá kemur fram að bæði Torg og Landsprent hafi starfað á markaði fyrir prentun dagblaða áður en Torg var tekið til gjaldþrotaskipta. Þannig gaf Torg út Fréttablaðið en Landsprent hefur prentað Morgunblaðið fyrir systurfélag sitt, auk þess að prenta almennt



prentverk fyrir viðskiptavini, s.s. vikublöð, tímarit og auglýsingabæklinga, á dagblaðapappír. Torg hafi einungis sinnt prentun Fréttablaðsins síðustu ár.

14. Í samrunaskrá vísa samrunaaðilar til fyrri ákvarðana Samkeppniseftirlitsins á dagblaðamarkaði. Meðal annars ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 26/2013, *Samruni Kristins ehf. og Kvosar ehf.*<sup>1</sup>, þar sem kom fram að það væri mat Samkeppniseftirlitsins að fyrri skilgreiningar á markaði fyrir prentverk væri enn í gildi og markaðurinn skiptist niður í dagblaðaprentun, einfalt prentverk og prentun bóka og tímarita.
15. Þá telja samrunaaðilar að áhrif samruna gæti á tveimur mörkuðum, þ.e. markaði fyrir prentun á dagblöðum og markað fyrir dagblaðaútgáfu. Að mati samrunaaðila þá gætir áhrifa ekki á markaði fyrir almennt prentverk þar sem Torg starfaði ekki á þeim markaði. Varðandi landfræðilega markaði þá telja samrunaaðilar landfræðilegan markað fyrir dagblaðaprentun og útgáfu dagblaða teljist landið allt. Sé það í samræmi við fyrri fordæmi Samkeppniseftirlitsins.
16. Að mati Samkeppniseftirlitsins hefur ekkert komið fram við rannsókn málsins sem gefur tilefni til að skilgreina vöru og landfræðilegan markað með öðrum hætti en samrunaaðilar gerðu í samrunaskrá. Ekki þarf þó að taka formlega afstöðu til skilgreiningu markaða í ljósi niðurstöðu málsins.

### **3. Staða samrunaaðila á mörkuðum málsins og samkeppnisleg áhrif samrunans**

17. Af fyrirliggjandi gögnum og aðstæðum samkeppni hérlendis má sjá að einungis tveir aðilar voru starfandi á markaði fyrir dagblaðaprentun fyrir samrunann. Er því prentsmiðja Landsprent eina starfandi dagblaðaprentsmiðjan á Íslandi eftir samrunann. Líkt og áður hefur verið getið til um þá kemur fram í samrunaskrá að prentverksmiðja Torgs prentaði aðeins Fréttablaðið síðustu árin í starfsemi prentsmiðjunnar.
18. Að sögn samrunaaðila verði þó að skoða markaðsaðstæður og aðgangshindranir á mörkuðum málsins í ljósi þeirra staðreyndar að einkareknir íslenskir fjölmiðlar hafa búið við óhagstæðar og erfiðar rekstraraðstæður til fjölda ára. Um aðstæður á markaði fyrir prentun á dagblöðum telur Landsprent að þeir útgefendur sem prenta blöð í dagblaðaprentun hafi aðra raunhæfa prentmöguleika en að prenta hjá Landsprenti. Þó einhver stofnkostnaður fylgi því þá standi sá möguleiki til boða fyrir útgefendur eða aðra sem hafa áhuga á að koma inn á dagblaða prentmarkaðinn að kaupa sína eigin vél eða leigja vél erlendis frá, allt eins og Árvakur og Torg gerðu á sínum tíma. Í samrunaskrá kemur jafnframt fram að Morgunblaðið sé eina dagblaðið sem sé útgefið í dag sem sé nauðsynlegt að prenta í dagblaðaprentvél.
19. Að öllu framansögðu virtu er ljóst að mati Samkeppniseftirlitsins að í kjölfar gjaldþrots Torgs og brotthvarfs prentvélar þrotabúsins af viðkomandi markaði í kjölfar kaupa Landsprents, hefur myndast einokunarstaða á markaði fyrir prentun á dagblöðum hérlendis þar sem Landsprent hefur 100% markaðsstyrk. Fyrir liggur að Landsprent býr nú yfir einu dagblaðaprentvél landsins eins áður sagði. Þótt annars konar prentvélar séu til staðar hérlendis hefur prentun á einföldu prentverki talist til sérstaks markaðar, m.a. vegna annarra aðferða, afkastagetu og hærri prentkostnaðar. Þótt aðrar prentaðferðir kunni í dag henta smærri prentuðum fjölmiðlum og geti þannig veitt dagblaðaprentun óbeint samkeppnislegt aðhald þá hefur ekki verið talin nægileg staðgang þar á milli í fyrri samkeppnismálum á prent- og fjölmiðlamörkuðum.
20. Undir venjulegum kringumstæðum myndi því samruni eða viðskipti um yfirtöku framleiðslutækja milli tveggja síðustu keppnautna á sama markaði eins og í máli þessu, krefjast

<sup>1</sup> Sjá hér: [https://www.samkeppni.is/media/akvardanir-2013/akvordun\\_2613\\_Samruni\\_Kristins\\_og\\_Kvosar\\_.pdf](https://www.samkeppni.is/media/akvardanir-2013/akvordun_2613_Samruni_Kristins_og_Kvosar_.pdf).



íhlutunar af hálfu Samkeppniseftirlitsins. Verður þá næst fjallað um undanþágu samkeppnisréttar um fyrirtæki á fallandi fæti.

#### 4. Sjónarmið um fyrirtæki á fallandi fæti

21. Í samrunaskrá er byggt á því við að skilyrði um fyrirtæki á fallandi fæti séu uppfyllt í þessu máli, en fjallað er um kenninguna um fyrirtæki á fallandi fæti í 8. kafla leiðbeiningareglna framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um mat á láréttum samrunum.<sup>2</sup>
22. Undanþágan um fyrirtæki á fallandi fæti felur í sér undantekningu frá meginreglunni um að samruni komi til hefðbundinnar rannsóknar og mögulegrar íhlutunar líkt og kveðið er á um í 17. gr. c samkeppnislaga, sé um skaðleg áhrif á samkeppni að ræða. Er það vegna fyrirsjáanlegrar útgöngu hins yfirtekna félags eða yfirtekinnna eigna vegna alvarlegra fjárhags- og rekstrarörðugleika. Til þess að undanþágan eigi við þarf að sýna fram á að öll þrjú skilyrði hennar séu uppfyllt. Í fyrsta lagi þarf brotthvarf hins fallandi félags af markaði að vera yfirvofandi vegna fjárhagserfiðleika. Í öðru lagi að ekki séu til staðar aðrar leiðir sem hefðu minna skaðleg áhrif en viðkomandi samruni. Í þriðja lagi að eignir hins fallandi félag myndu hvort eð er hverfa af markaði ef ekki yrði af viðkomandi samruna.
23. Varðandi fyrsta skilyrði þá þarf brotthvarf hins fallandi félags af markaði að vera yfirvofandi vegna fjárhagserfiðleika. Felst matið m.a. í því hvort að fyrirséð að félagið geti ólíklega mætt sínum fjárhagslegum skuldbindingum í náinni framtíð. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að fyrsta skilyrðið sé uppfyllt í þessu máli þar sem Torg hefur þegar verið tekið til gjaldþrotaskipta, þar með taldar hinar keyptu eignir sem samruninn varðar, og fyrir liggja í málinu gögn um háan rekstrarkostnað vegna rekstrartækjanna, sér í lagi vegna dagblaðaprentvélar.
24. Varðandi annað skilyrði þá þarf að vera ljóst að ekki sé annar möguleiki á því að selja andlag viðskiptanna til annars aðila sem hefði í för með sér minni röskun á samkeppni. Því snýr matið í þessu tilfelli að því hvort til hefðu verið aðrar *raunhæfar leiðir* sem hefðu minna skaðleg áhrif en samruninn. Fyrir liggur að þrjú tilboð bárust í umrædda prentvél í söluferli þrotabúsins. Landsprent bauð [...]³, eitt tilboð barst erlendis frá sem hljóðaði upp á [...]⁴ og yrði þá prentvélin flutt úr landi. Loks barst tilboð frá [...]⁵ fyrir að taka niður / fjarlægja prentvélin, þ.e. [...]⁶.
25. Mat Samkeppniseftirlitsins varðandi annað skilyrðið snýr að því hvort önnur leið hefði verið raunhæf sem hefði minni skaðleg áhrif á samkeppni en þau viðskipti sem samruninn varðar á grundvelli hæsta boðs Landsprents sem skiptastjóri lagði fyrir kröfuhafa og samþykkt var á skiptafundi. Ljóst er að tilboðið erlends tilboðsgjafa fól í sér að vélin færi úr landi, hyrfi af íslenskum samkeppnismarkaði og því ekki um minna skaðlegan kost að ræða en kaup Landsprents. Athugun Samkeppniseftirlitsins um hvort skilyrðið sé uppfyllt snýr þá næst að tilboði [...]⁷.
26. Í samrunarannsókninni gaf Samkeppniseftirlitið nokkrum fjölmiðlum og prentsmiðjum tækifæri á að tjá sig um samrunann og söluferlið sjálft, aðilar fengu afrit af samrunaskrá án trúnaðarupplýsinga auk þess sem eftirlitið óskaði eftir svörum við því hvort að viðkomandi hafi vitað af söluferlinu og ef svo er, hvers vegna viðkomandi hafi ekki lagt inn tilboð í rekstrartækin og eignirnar. Samkeppniseftirlitinu bárust svör frá 7 aðilum við framangreindum spurningum. Til

<sup>2</sup> Sjá hér: [https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:52004XC0205\(02\)](https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:52004XC0205(02)).

<sup>3</sup> Trúnaðarmál.

<sup>4</sup> Trúnaðarmál.

<sup>5</sup> Trúnaðarmál.

<sup>6</sup> Trúnaðarmál.

<sup>7</sup> Trúnaðarmál.



viðbótar þessu lágu fyrir ítarleg gögn frá þb. Torgs um söluferlið og samskipti við mögulega tilboðsgjafa, þ.m.t. keppinauta Landsprents og Árvakurs hf.

27. Þrotabúið auglýsti prentvélina til sölu um miðjan apríl og þriðja og síðasta tilboðið barst 5. júlí. Því var aðilum gefin rúmur tími til þess að koma að tilboði. Þá fylgdi skiptastjóri þb. Torgs eftir mögulegum áhuga smærri fyrirtækja með samskiptum að hans frumkvæði sem ekki leiddu til tilboða. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að af gögnum um söluferlið og umsögnum megi sjá að önnur fyrirtæki, fjölmiðlar og keppinautar Árvakurs ræddu saman um möguleg kaup á prentvélinni til þess að viðhalda rekstri hennar og starfsemi í dagblaðaprentun hérlendis. Hins vegar leiddu þær umleitanir ekki til tilboðs, að því er virðist vegna áhættu, kostnaðar og útaf áhyggjum varðandi dreifingu prentmiðla. Þess í stað komu eingöngu fram lág eða neikvæð tilboð frá öðrum fyrirtækjum en Landsprenti. Að virtu söluferlinu og framkomnum gögnum og upplýsingum fengu önnur fyrirtæki því tækifæri til þess að kaupa hinnar seldu eignir, en raunhæf tilboð í fjárhagslegu tilliti sem hefðu tryggt prentvélinni framhaldslíf á samkeppnismarkaði raungerðust ekki.
28. Einnig hefur þrotabúið undir rannsókn málsins lagt fram tilboð Vöku til Landsprents um að fjarlægja vélina og hljóðaði það tilboð upp á [...].<sup>8</sup>
29. Í ljósi þessa verður ekki með málefnalegum eða raunhæfum hætti gerð sú krafa á seljanda þb. Torgs að taka [...] <sup>9</sup>, sem auk þess fól í sér niðurrið vélarinnar. Þá liggur fyrir að ef tilboði hins erlenda tilboðsgjafa hefði verið tekið, hefði prentvélin allt að einu verið tekin niður og flutt úr landi með tilheyrandi brotthvarfi vélarinnar af íslenskum prentmarkaði eins og áður sagði.
30. Með vísan til ofangreindar umfjöllunar er það því mat Samkeppniseftirlitið að virtum fyrirbyggjandi málsgögnum og þá sér í lagi umsögnum frá aðilum á markaði, að ekki hafi verið annað raunhæft tilboð fyrir hinnar seldu eignir sem samrunann varðar, sem hefði stuðlað að áframhaldandi nýtingu prentvélarinnar og minni skaðlegra áhrifa á samkeppni en yfirtaka Landsprents. Er því annað skilyrði undanþágureglunnar um fyrirtæki á fallandi fæti uppfyllt í þessu máli.
31. Varðandi þriðja og síðasta skilyrði, þ.e. hvort að eignir hins fallandi fyrirtækis myndu hverfa af markaði ef ekki yrði af samrunanum. Liggur það fyrir í málinu enda er það tilgangur gjaldþrotaskipta þrotabúa og skylda skiptastjóra að koma viðkomandi eignum í verð eftir að rekstri fyrirtækisins er hætt í kjölfar ógjaldfærni og gjaldþrots. Þá liggur fyrir að prentvélin yrði ekki starfrækt áfram á markaði hérlendis í höndum annarra tilboðsgjafa, sbr. fyrri umfjöllun um annað skilyrði undantekningarinnar. Telst því þriðja skilyrðið sömuleiðis uppfyllt í málinu.

## 5. Niðurstaða

32. Með vísan til alls framangreinds er það því mat Samkeppniseftirlitsins að sýnt hafi verið fram á í málinu að sjónarmið um fyrirtæki á fallandi fæti eigi við um kaupin á umræddum eignum þrotabúsins sem samruninn varðar, sér í lagi hvaða dagblaðaprentvélina varðar. Vegna þessa telur Samkeppniseftirlitið ekki forsendur til þess að aðhafast frekar vegna samrunans, hvorki á grundvelli samrunaákvæða samkeppnislaga, né ákvæða fjölmiðlalaga.

---

<sup>8</sup> Trúnaðarmál.

<sup>9</sup> Trúnaðarmál.



33. Með bréfi, dags. 21. desember 2023, var samrunaaðilum tilkynnt framangreint mat Samkeppniseftirlitsins.<sup>10</sup> Var þeim í sama bréfi tilkynnt að Samkeppniseftirlitið hefði það til skoðunar hvort að um sé að ræða brot á skyldu til þess að tilkynna samruna og banni við að framkvæma samrunann á meðan hann er til rannsóknar (e. *gun-jumping*), en samkvæmt 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga, sbr. einnig 6. mgr. 62. gr. b laga um fjölmiðla skal tilkynna Samkeppniseftirlitinu um samruna áður en hann kemur til framkvæmda og hann skuli ekki koma til framkvæmda á meðan Samkeppniseftirlitið fjallar um hann.
34. Jafnvel þó að Samkeppniseftirlitið telji að ekki séu forsendur til íhlutunar í samrunamálinu vegna kaupa Landsprents á prentvél o.fl. úr þrotabúi Torgs er ljóst að uppi verður einokunarstaða á markaði fyrir prentun á dagblöðum héraðs í kjölfar brotthvarfs prentvélarinnar af markaði líkt og áður greindi. Fyrir liggur að Landsprent býr nú yfir einu dagblaðaprentvél landsins. Þá er Árvakur, eigandi Landsprents og útgefandi Morgunblaðsins, enn fremur með mjög sterka stöðu í dreifingu prentmiðla í gegnum eignarhald á Póstdreifingu ehf.
35. Með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2019, *Kaup Árvakurs hf. og 365 miðla ehf. á Póstmiðstöðunni ehf.*, undirgengust aðilar þess máls þar með talið Árvakur hf. skilyrði sem ætlað var vinna gegn þeim samkeppnishindrunum sem annars myndu leiða af samrunanum á m.a. markaði fyrir dreifingu prentmiðla. Við rannsókn þessa samrunamáls vegna þb. Torgs hafa komið fram ábendingar varðandi framangreind skilyrði, þess efnis að þau virki ekki sem skyldi. Einnig barst Samkeppniseftirlitinu fyrr á árinu 2023 kvörtun um að skilyrði sáttarinnar hafi ekki verið virt.
36. Eins og áður greinir hefur Samkeppniseftirlitið ekki forsendur til þess að grípa til íhlutunar í fyrrgreindu samrunamáli vegna mögulegra skaðlegra áhrifa samrunans, sökum þess að sjónarmið um fyrirtæki á fallandi fæti eiga við í málinu. Hins vegar getur komið til frekari rannsókna sem miða að því að vernda samkeppni á mörkuðum fyrir prentun, dreifingu og útgáfu prentmiðla á grundvelli annarra ákvæða samkeppnislaga og fjölmiðlalaga, sbr. áður nefnda kvörtun og ábendingar. Kann þetta að vera nauðsynlegt í ljósi þess að útgáfufélag Morgunblaðsins ræður jafnframt yfir prentun og dreifingu prentmiðla og sú þjónusta er forsenda þess að aðrir keppinautar geti komist inn á markaðinn fyrir útgáfu prentmiðla og vaxið við hlið stærri keppinautar.

#### Ákvörðunarorð:

**„Kaup Landsprent ehf. á prentvél o.fl. úr þrotabúi Torgs ehf. felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

<sup>10</sup> Afrit af bréfinu var einnig sent á alla umsagnaraðila. Samkeppniseftirlitið gaf einnig út fréttatilkynningu þann 22. desember 2023 og birti á heimasíðu sinni þar sem niðurstaða samrunamálsins kom fram og frummat eftirlitsins reifað, en að ítarlegri ákvörðun yrði birt síðar.

